

Ríkisendurskoðun
00 620

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	3
Áritun endurskoðanda	5
Yfirlit um afkomu ársins	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Ríkisendurskoðun

kt. 540269-1819

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skv. lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er ríkisendurskoðandi trúnaðarmaður Alþingis. Ríkisendurskoðandi annast endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og fyrirtækja þar sem eignarhald ríkissjóðs er 50% eða meira, hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár svo sem nánar er mælt fyrir um í 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðun er skrifstofa ríkisendurskoðanda.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 1 og málauflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 893,3 milljónir og afkoma kr. 61,7 milljónir, sem skýrist af fækkun ársverka og auknum rekstrartekjum. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 103,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 208,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á fjárlögum 2022.

Ársverk hjá Ríkisendurskoðun á árinu 2021 voru 41,2 sem er fækkun um 2,4 frá árinu 2020. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður var 706,0 m.kr.

Á árinu opnaði stofnunin skrifstofu á Akureyri.

Það er álit okkar að ársreikningur 2021 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármála staðfesta hér með ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík 8. maí 2022
Staður og dags.

Ríkisendurskoðandi (starfandi)

Sviðsstjóri fjármála

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forsætisnefndar Alþingis

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2021, efnahag 31.desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög sem um stofnunina gilda.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð míin samkvæmt þeim stöðum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður Ríkisendurskoðun í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur Ríkisendurskoðunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun míin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Nánar tiltekið er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Hætta á verulegri skekkju í ársreikningnum er metin og greind, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi. Endurskoðunaraðgerðir eru tilsnipoðar og gerðar til að bregðast við þeim hættum og endurskoðunargagna er aflað sem metin eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit mitt. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflun skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, er gerð í þeim tilgangi að beita viðeigandi endurskoðunaraðgerðum, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

- Metið er hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um einstaka liði ársreikningsins.
- Við lok endurskoðunar er metið í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, lagt er mat á framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tiliti til glöggrar myndar.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur Ríkisendurskoðunar um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi, 8. mars 2022

Árni Tómasson, endurskoðandi.

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	738.500.000	747.800.000
Seld þjónusta	3	146.446.106	122.686.492
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	8.371.588	8.729.565
Tekjur samtals		893.317.694	879.216.057
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	706.049.073	737.542.771
Annar rekstrarkostnaður	5	117.213.327	102.717.867
Afskriftir	6	8.371.588	8.729.565
Gjöld samtals		831.633.988	848.990.203
Afkoma fyrir fjármagnsliði		61.683.706	30.225.854
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Gengishagnaður		0	12.901
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(15.085)	(12.407)
		(15.085)	494
Afkoma ársins		61.668.621	30.226.348

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		22.609.365	23.249.935
Farartæki og vélar		2.354.300	3.296.018
Aðrar eignir		3.494.344	3.494.344
Fastafjármunir samtals		28.458.009	30.040.297
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		27.669.810	13.528.699
Tengdir aðilar	7	147.461.498	96.687.981
Aðrar krófur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	47.509
Handbært fé		4.383.837	5.714.820
Veltufjármunir samtals		179.515.145	115.979.009
Eignir samtals		207.973.154	146.019.306
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		103.913.304	42.244.683
Eigið fé samtals		103.913.304	42.244.683
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	2.134.638	593.919
Viðskiptaskuldir		9.960.884	5.828.870
Ýmsar skammtímaskuldir	9	77.927.064	81.042.982
Frestun tekjufærslu fjárfestigarheimilda	10	14.037.264	16.308.852
Skuldir samtals		104.059.850	103.774.623
Eigið fé og skuldir samtals		207.973.154	146.019.306
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		61.668.621	30.226.348
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	8.371.588	8.729.565
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(8.371.588)	(8.729.565)
		61.668.621	30.226.348
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(14.093.602)	15.127.124
Tengdir aðilar		(49.232.798)	(54.990.365)
Skammtímaskuldur		1.016.096	8.412.955
		(62.310.304)	(31.450.286)
		(641.683)	(1.223.938)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(6.789.300)	(4.453.950)
		(6.789.300)	(4.453.950)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarfamlag		6.100.000	6.100.000
		6.100.000	6.100.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(1.330.983)	422.112
		5.714.820	5.292.708
		4.383.837	5.714.820
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stod í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vörðu eru færðar þegar verulegur hluti áhætta og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, taeki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifad

Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsrekning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppseiganlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppseiganlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	744.600.000	753.900.000
Þar af fjárveiting til fjárfestinga, færð á frestaðar tekjur sjá skýringu 10	<u>(6.100.000)</u>	<u>(6.100.000)</u>
Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar	738.500.000	747.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	8.371.588	8.729.565
	<u>746.871.588</u>	<u>756.529.565</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og uppsafnaða stöðu í árslok:

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Fjárveiting samtals
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum 2021	733.400.000	6.100.000	739.500.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárveitinga	<u>5.100.000</u>	<u>5.100.000</u>	<u>5.100.000</u>
Fjárveitingar ársins	738.500.000	6.100.000	744.600.000
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í upphafi árs (umframráðstafað)	42.244.683	-13.731.445	28.513.238
Ráðstöfun ársins að frádr. sértekjum og fjárfestingar	<u>-676.831.379</u>	<u>-6.789.300</u>	<u>-683.620.679</u>
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í lok árs (umframráðstafað)	103.913.304	-14.420.745	89.492.559

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	145.691.106	121.455.842
Mötuneyti	<u>755.000</u>	<u>1.230.650</u>
	<u>146.446.106</u>	<u>122.686.492</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	575.458.635	589.838.661
Orlof, breyting	(3.115.918)	10.742.808
Launatengd gjöld	125.901.187	129.854.782
Starfsmannakostnaður	7.805.169	7.106.520
	<u>706.049.073</u>	<u>737.542.771</u>

Meðalfjöldi stöðugilda

41,2

43,6

Skýringar

	2021	2020
5 Annar rekstrarkostnaður		
Ferða- og dvalarkostn. innanl.....	2.154.577	0
Ferða- og dvalarkostn. erlendis.....	376.728	615.557
Fundir, námskeið og risna.....	2.118.866	2.079.484
Akstur.....	315.275	413.905
Ferðir og fundir samtals.....	4.965.446	3.108.946
Tímarit, blöð og bækur.....	724.170	874.258
Skrifstofuvörur og áhöld.....	2.474.983	2.018.358
Aðrar rekstrarvörur.....	16.614.094	16.232.536
Rekstrarvörur samtals.....	19.813.247	19.125.152
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta.....	2.884.488	3.386.601
Önnur séfræðiþjónusta.....	6.743.792	4.596.963
Sími og ýmis leigugjöld.....	11.736.398	11.312.536
Prentun, póstur, augl., flutn.....	1.401.582	1.802.092
Aðkeypt þjónusta samtals.....	22.766.260	21.098.192
Húsaleiga og aðk. ræsting.....	61.521.633	54.150.887
Rafmagn og heitt vatn.....	1.688.162	2.374.372
Verkkaup og byggingavörur.....	5.500.972	1.741.408
Húsnaði samtals.....	68.710.767	58.266.667
Verkstæði og varahlutir.....	111.809	195.377
Brennsluefnir og olífur.....	171.029	83.638
Tryggingar og skattar.....	158.023	104.661
Bifreiðar og vélar samtals.....	440.861	383.676
Opinber gjöld, leyfisgjöld.....	516.746	735.234
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	117.213.327	102.717.867

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
6 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	22.609.365	23.249.935
Farartæki og vélar	2.354.300	3.296.018
Aðrar eignir	3.494.344	3.494.344
	<u>28.458.009</u>	<u>30.040.297</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	59.302.705	7.533.749	3.494.344	70.330.798
Viðbætur á árinu	6.789.300	0	0	6.789.300
	<u>66.092.005</u>	<u>7.533.749</u>	<u>3.494.344</u>	<u>77.120.098</u>
Afskriftir 01.01.2021	36.052.770	4.237.731	0	40.290.501
Afskrift ársins	7.429.870	941.718	0	8.371.588
	<u>43.482.640</u>	<u>5.179.449</u>	<u>0</u>	<u>48.662.089</u>
Staða 31.12.2021	<u>22.609.365</u>	<u>2.354.300</u>	<u>3.494.344</u>	<u>28.458.009</u>

7 Tengdir aðilar

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	143.309.348	96.687.981
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	4.152.150	0
	<u>147.461.498</u>	<u>96.687.981</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	2.134.638	593.919
	<u>2.134.638</u>	<u>593.919</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign	42.244.683	12.018.335
Jöfnuður 1.1.	42.244.683	12.018.335
Afkoma ársins	61.668.621	30.226.348
Jöfnuður 31.12.	<u>103.913.304</u>	<u>42.244.683</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við komandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	77.927.064	81.042.982
	<u>77.927.064</u>	<u>81.042.982</u>

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærsluna er færður liður, Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda, sem endurspeglar fjármögnun ríkisins á viðkomandi eignum, að viðbættri ónýtrri fjárveitingu en að frádegrenu því sem ofnýtt var. Nýtt fjárveiting til fjárfestinga færst til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignarinnar eða fellur niður við sölu hennar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga	28.458.009	30.040.297
Ónýtt fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	<u>(14.420.745)</u>	<u>(13.731.445)</u>
	<u>14.037.264</u>	<u>16.308.852</u>
Staða 01.01.2021	30.040.297	(13.731.445)
Fjárveiting ársins til fjárfestinga	0	6.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	6.789.300	(6.789.300)
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(8.371.588)</u>	<u>0</u>
	<u>28.458.009</u>	<u>(14.420.745)</u>
	<u>14.037.264</u>	<u>16.308.852</u>
Nýtt fjárveiting til fjárfestinga	Ónýtt/(ofnýtt) fjárveiting	Samt. frestun tekjufærslu

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 6,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Ríkisendurskoðun hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði fyrir starfsemin stofnunarinnar ásamt leigu á bifreiðastæðum. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu og bifreiðastæða nema 61,3 milljónum króna á verðlagi 1.1.2022. Árlegar greiðslur skuldbindandi samninga vegna hugbúnaðar, vistunar kerfa ofl. rekstrarliða nema 11,4 milljónum króna.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Skýringar

Lífeyrisskuldbindingar

Skuldbindingar vegna áunnninna réttinda starfsmanna, umfram greiðslu vegna þeirra í lífeyrissjóði, hvílir á ríkissjóði.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.